



Verklagsreglur um leyfisveitingar vegna kvikmyndagerðar, auglýsingagerðar og annarrar slíkrar starfsemi í Vatnajökulspjóðgarði

1. gr.

Öll kvikmyndagerð, auglýsingagerð og önnur slík starfsemi innan Vatnajökulspjóðgarðs er háð leyfi viðkomandi þjóðgarðsvarðar, sbr. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 608/2008 um Vatnajökulspjóðgarð.

2. gr.

Þeir sem hafa hug á að stunda kvikmyndagerð, auglýsingagerð eða aðra slíka starfsemi innan þjóðgarðsins skulu fylla út umsókn um leyfi og senda hana til þjóðgarðsvarðar þess rekstrarsvæðis þar sem fyrirhugað er að starfsemin fari fram. Sé fyrirhugað að starfsemin fari fram á fleiri en einu rekstrarsvæði ber að sækja um leyfi til þjóðgarðsvarða viðkomandi svæða.

Sækja skal um leyfi með minnst 30 daga fyrirvara starfi 10 einstaklingar eða fleiri við verkefni, en með 7 daga fyrirvara starfi færri einstaklingar við verkefnið.

Umsókn um leyfi er fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Þjóðgarðsvörður á viðkomandi svæði gefur út leyfi til kvikmyndagerðar, auglýsingagerðar og annarrar slíkrar starfsemi samkvæmt þessum reglum.

Sé starfsemin ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð, ákvæði reglugerðar nr. 608/2008 um starfsemi innan þjóðgarðsins eða ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn synjar þjóðgarðsvörður um leyfi. Jafnframt skal synja um leyfi ef þjóðgarðsvörður telur að starfsemin muni valda spjöllum eða raska lífríki, jarðmyndunum og landslagi innan þjóðgarðsins, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 60/2007.

4. gr.

Leyfishafa ber að kynna sér og virða ákvæði laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð, ákvæði reglugerðar nr. 608/2008, svo og ákvæði verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn við starfsemi sína.

Þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að leyfishafi virði þessi ákvæði við starfsemina, sbr. 3. tl. 10. gr. laga nr. 60/2007. Leyfishafa ber að veita þjóðgarðsverði allar þær upplýsingar og gögn sem hann telur þörf á til að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Heimilt er að hafa eftirlitsmann á tökustað telji þjóðgarðsvörður þess þörf vegna verndunarsjónarmiða.

5. gr.

Leyfishafa og starfsfólki hans ber að ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar og sýna ýtrustu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 608/2008.

Leyfishafa og starfsfólki hans ber að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarða og annarra starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 608/2008.

Þjóðgarðsverði er heimilt að stöðva starfsemi leyfishafa ef sýnt þykir að hún geti og/eða hafi haft neikvæð áhrif á náttúru og menningarminjar þjóðgarðsins og er jafnframt heimilt að vísa leyfishafa eða starfsfólki hans úr þjóðgarðinum brjóti viðkomandi gegn ákvæðum laga nr. 60/2007 eða reglugerðar nr. 608/2008. Brot gegn lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Umsókn um leyfi vegna kvikmyndagerðar, auglýsingagerðar og annarrar slíkrar starfsemi í Vatnajökulspjóðgarði

Upplýsingar um umsækjanda

<i>Umsækjandi, nafn og kt</i>	
<i>Heimilisfang</i>	
<i>Sími, GSM, Fax og netfang</i>	
<i>Fyrirsvarsmaður umsækjanda ef umsækjandi er lögaðili</i>	
<i>Umsjón verkefnis</i>	

Heiti og stutt lýsing verkefnis:

Fjöldi þáttakenda

Fjöldi starfsmanna í heild sem að verkefni koma _____
Nánari sundurliðun, s.s. fjöldi leikara og statista, tæknimanna, þjónusta o.fl.

Annað umfang, s.s fjöldi og stærð bíla, leikmynd, tjöld, loftmyndatökur, dýr ofl.

Tímasetning og tímalengd verkefnis:

Staðsetning innan þjóðgarðsins:

Ég undirritaður staðfesti hér með að hafa kynnt mér ákvæði laga nr. 60/2007, reglugerð nr. 608/2008 og reglur um ljósmynda- og kvikmyndatökur í Vatnajökulspjóðgarði og ábyrgist ég að þeir sem að verkinu koma muni fara eftir þeim í hvívetna.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda/forsvarsmanns

Leyfi veitt

Umsókn sendist til viðkomandi þjóðgarðsvarðar:

Vegna kvikmyndunar eða myndatöku á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs:

Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður, Skaftafelli, 785 Öræfum
regina@vjp.is Sími: 470 8301 GSM: 842 4370

Vegna kvikmyndunar eða myndatöku á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs:

Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður, Skriðuklaustri, 701 Egilsstaðir
agnes@vjp.is Sími: 470 0841 GSM: 842 4365

Vegna kvikmyndunar eða myndatöku á norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs:

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður, Jökulsárgljúfur, 671 Kópasker
hjorleifur@vjp.is Sími: 470 7101 GSM: 842 4360

Vegna kvikmyndunar eða myndatöku á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs:

Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður, Klausturvegi 2, 880 Kirkjubæjarklaustri
snorri@vjp.is Sími: 470 0401 GSM: 842 4375